Viljinn

Viljinn

2-3 blað

# Viljinn.

Lestrarfélagsblað
í Miklabæjarsókn

2. og 3. Tölublað.

Viðkomustaðir „Viljans“

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Djúpidalur | Kom 24 Jan. | Fór | | 25. |
| Gritlidalur (hjá var Þorl.) | 25. — | — | | 27. |
| Stóru-Akrar | 27 — | — | | 28 |
| Höskuldsstaðir | 29 — | „ | | 31. |
| Miðhús | 31 — | „ | | 1. febr. |
| Þorleifsstaðir | 1 febr | | | 2 |
| Grundarkot | 2 — | — | | 3. — |
| Vaglar | 3. — | „ — | | 5. — |
| Hrólfsstaðir | ~~Kom 7. febr.~~ | | | 8 — |
| Miklibær | Kom 8. febr | | | 9 |
| Víkurkot | Kom 9 | — | fór 10 | |
| Víðivellir | — 10 | — | — 12. | |
| Sólheimar | — 12 | — | 15 | |
| Sólheimagerði | | | | |
| Úlfsstaðakot | — 16. | — | 17. | — |
| Úlfsstaðir | | | | |
| Kúskerpi. | | | | |

Skilist þaðan til bókavarðar

# Viljinn

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

| 1 ár. | Desember 1927 | 2. blað |
|---|---|---|

## ✝ Kveðju-orð.

Sjá, lífið er veikt sem visið strá
er voldugur dauðinn kemur
hann kallaði vininn okkar á
það angrar og hjartað kremur.
— Við megum hér ætíð minnast þín
já, minnast þín, öllum fremur.

Hér fylgdi þér sól og sumar blítt
þú sast aldrei höndum ~~auðum~~ auðum.
þú varst okkur alltaf vinur kær,
já, vinur og hjálp í nauðum.
Því hjartað var gott og göfugt þitt
þú gafst líka mörgum snauðum

Hér áttirðu víða vina bönd
og virðing sem lifað getur.
En nú ertu kominn í ljóssins lönd
og líður þar miklu betur.
— Þar hittirðu vina hópinn þinn
sem heimkomu þína metur.

Við biðjum öll, ljóssins engla lið
þig leiða til æðri heima.
Já, þar sem að allir finna frið,
og fegurðar geislar streyma.
Við kveðjum nú vininn okkar öll
sem aldrei við munum gleyma.

Þessi framanrituðu erindi voru flutt við jarðarför Símonar frá Litladal. Ef til vill eru þau ekki þess virði, að geymast í „Liljunum". En samt vona ég, að þau séu svo mikils virði, að þau geti flotið með öðru góðgæti, sem „Liljan" býður lesendum sínum.

Erindi þessi eru kveðju-orð, eins og þau bera með sér — kveðjuorð frá mér og mínu fólki.

Ragnar Baldvinsson.

---

## „Sælt er að gleðja barnsins blíðu sál"

Um 16. helgina í sumar sem leið, kom ég austan úr Öxnadal. Veðrið var ágætt — sól og sumar í orðsins fyllstu merkingu. Mér leið því vel, bæði á sál og líkama. Hugurinn var einnig á ferðinni, hann staðnæmdist um stund, þegar ég fór fyrir ofan Úlfs-staði, þar átti ég heima eitt skeið, þegar ég var barn að aldri. Það var margt sem vaknaði upp í huga mínum, frá bernsku-árunum, margar hlýjar og bjartar endurminningar.

Ein af þeim hlýju og björtu endurminningum, voru barna-samkomur, sem

haldnar voru á Reynistað, til að gleðja börn-
in þar í nágrenninu. Ég var svo lánsamur
að vera eitt nágrannabarnið, eitt barnið, sem
naut gleðinnar ógleymanlegu. Við þessar
endurminningar var hugurinn bundinn
um stund.

Þegar ég kom á ásinn fyrir utan Hellu,
varð mér litið út að „Ásgarði" heimili Lilju
á Víðivöllum. Jú, það var sem mér sýnd-
ist, stór barnahópur og margt fólk full-
orðið á „Ásgarðs" túninu og þar voru líka
tjöld.

Mér varð fljótt ljóst hvað til stóð. Það var
barnasamkoma – ein barnasamkoman enn
hjá henni Lilju. Hún gerir það ekki utan ~~enda-~~
~~slept~~ við sig, hún Lilja á Víðivöllum, að
gleðja barnssálina, gleðja blessuð börnin.
Það er líka eitt af göfugustu kærleiks-
verkum mannanna. En því miður eru
það allt of fáir, sem gera þau verk.

Hún Lilja á Víðivöllum hefir vilja og lag
á því, að leiða geisla gleðinnar inn í hjörtu
barnanna, hefir lag á, að beina sólargeisl-
unum inn í barnssálina. Það eru líka
öll börn í kringum hana Lilju, með sól-
skins-andlit.

Þegar ~~börnin~~ börnin hafa fengið boðin frá
Lilju, að koma einhvern tiltekinn dag til
hennar og gleðja sig í sameiningu, þá bíða
þau þessa dags, með óþreyju, tilhlökkunin
er svo mikil, því bráð er barnslundin.
Þau vita hvað í vændum er, vita að sá
dagur verður sólskinsdagur. Einn með björt-
ustu sólskinsdögum þeirra.

Barnshjartað er viðkvæmt, það er fljótt
að gleðjast og fljótt að hryggjast, en á barna-
samkomunum á Víðivöllum er hryggðin langt
í burtu, því Lilja og heimilisfólkið á Víði-
völlum er samtaka í því að gleðja börnin
og láta enga sorgarskugga skyggja á gleðina

þann dag.

Það gæti engin móðir verið börnunum innilegri en Lilja; hún man eftir orðum meistarans mikla, „leyfið börnunum að koma til mín, en bannið þeim það ekki". Hún gerir það heldur ekki utan við sig, (að bjóða börnunum til sín, hún gerir miklu meira, tekur þátt í leikum þeirra, því hún er eins og barn, með börnum. Hún er fullþroskað barn, með viðkvæmni og innileik, sem skilur barnssálina, og lætur viðkvæma strengi barnshjartans titra af fögnuði.

Öll koma börnin heim til sín með blómagjafir, — blóm úr blómagarði Lilju.

Þau koma heim með blóm og brosandi andlit. Endurminning dagsins lifir lengi. Og veit hún lifir, á meðan börnin lifa.

Þó eg hafi ekki minst á annað, en björtu geisla gleðinnar og blómin, sem börnunum hlotnast á Víðivöllum, þá er það miklu meira, sem þeim er veitt þar. Því góðgerðirnar og gestrisnina þekkja allir, sem að Víðivöllum hafa komið.

Og þakka Lilju á Víðivöllum fyrir allar ánægjustundirnar, sem hún hefir veitt börnunum og eg þakka henni í nafni allra barnanna.

Og bið góðan Guð að láta geisla friðarins og gleðinnar lýsa henni á ófarinni æfileið, láta himneska dýrðarljósið ljóma í kringum hana og hennar heimili, eins og hún lætur gleðigeisla ljóma á andlitum barnanna.

Og þakka Lilju af heilum hug fyrir saklausu barnssálirnar, sem hún er svo góð að gleðja. Og öllu heimilisfólkinu á Víðivöllum flyt eg þakkir fyrir hönd barnanna.

Ragnar Baldvinsson

# Sköpun blómanna.

Heimurinn var skapadur. Jardarhnötturinn sentist af stad og brunadi áfram, umflotinn af geislaflódi hinnar nýfæddu sólar. Hann hringsnerist í algleymingi og á sinni himnesku hringrás, flutti hann med sér allt hid skapada, sem moradi á hans hnöttlaukna líkama og magnadist þar í fyllingu frjósemdarinnar. Og Brahma horfdi á verk sitt med dreymandi augnarádi.

Manú stód á þrepskildi skýjanna, hann sem myndad hafdi mennina, og var hann nú ad afloknu verki sínu, ad þerra hendurnar, sem allar voru rjódradar í kjöti og blódi. Hann hafdi tekid vid hverri einustu sál úr höndum Brahma og innilukt hvora um sig í ofurlitlu lögunarlausu efni; kjöti og blódi og þessum andlega leiri hafdi ~~gefid~~ hann gefid mynd sína.

„Hvíldu þig" sagdi gudinn vid hann „nú er allt fullkomnad". En rétt í því Brahma sleppti ordinu heyrdist suda nokkur, eins og af litlum og hægum loftþyt, og birtust fyrir augum gudsins, sveimandi smásálir svo þúsundum skifti, ótalelegur aragrúi, sem titradi í einum sólargeisla. En vid þá Brahma hvísludu þær: „Eigum vid ekki ad fá líf núna" Gudinn leit á þær, hugdi ad þeim; þær voru svo smáar, ad hann hafdi alveg gleymt þeim.

Hann komst vid af medaumkun.

„Takid þid eftir" sagdi hann og benti nidur til jardar — en þadan heyrdist ymur af andvörpum upp í hædirnar — „heyrid þid ekki hvernig systur ykkar kveina og gráta"!

„Ó, fadir, láttu okkur fá líf, svo ad vid getum huggad þær".

Brahma andvarpaði. En samt kallaði hann á Manú og sagði við hann:

„Taktu aflið til starfa. Þú verður að gera nokkuð enn".

„Menn uppá nýtt"

„Já"

„Það er lífs ómögulegt, ég á ekki eftir minstu ögn af kjöti og blóði; ekki svo mikið einn sími, að ég gæti myndað úr því mús"

„Þarna getið þið heyrt sjálfar" sagði guðinn skaplétt ari, við hinar biðjandi smá sálir.

„Ó faðir láttu okkur fá líf."

„Það verður þá svo að vera" mælti Brahma „þið skuluð fá líf. En óhreyfanlegar skuluð þið verða og fastar við jörðina og manninum ofurseldar; hann mun traðka ykkur undir fótum sér, lemstra ykkur lifandi og deyða ykkur án þess að fella nokkur tár. En hinsvegar skuluð þið vera þær indælustu gjafirnar, sem eignavöld hans hafa að veita, hennar fegurð og ilmur hennar, í lífinu skuluð þið vera sálar unun hans og í dauðanum sá vinur, sem síðast skilur við gröf hans"

„Ó faðir láttu okkur fá líf!"

Og Brahma skapaði blómin.

(Svipdagur.)

---

# "Ötull.

Nú er Ötull fallinn frá
fékk að deyja heima.
Hans því góðu minning má
maður aldrei gleyma

Í Bakkakoti borinn var
burða lítill þótti.
Kosti sýndi þegnum þar

þegar fram í sótti.

Aðeins besta fóður fékk
fáka prýði var hann
þegar eftir götum gekk
glæsilegur var hann.

Skapið létt, en feikna fjör
fimni rétta jók hann.
Vöðva þéttur þaut sem ör
þegar spretti tók hann.

Taum úr mundum tók ei manns
Týgjin bundin viður.
Stökk um grundir grænar lands
grösin hundu niður

Fríst á sundi sýndi oft
söðla hundur friður.
Hentist stundum hátt í loft

hann var undir friðu.

Skjótur beygði bolinn við.
hjörtum fleygði boga.
Hátt upp teygði höfuðið
hálsinn sveigði í boga

Tölti fljótur leiðir lands
léttum móti fola
Stæltum fótum fyrir hans
fór oft grjót í mola.

Létt um fold í lyftingum
lengi þoldi að sprikla.
Sendi mold í sviftingum,
setti hold í hnykkla.

— u — u —

Háfleyg Iðunn horfin er
hún mig styður valla

Meðan kvíðann magna fer
meiga niður falla.

Agnar Baldvinsson.

---

# Leynings-feðgar.

[ Kafli úr sögu eftir — Búa ]

–

Nú komu miklir og merkilegir tímar í Leyningi. Hver stórviðburðurinn rak annan.

Þórður varð allur annar maður er hann fór að búa sig undir að taka við jörðinni. Áður var hann þunglyndur og dulur í dagfari. Nú varð hann kátari með degi hverjum. Símon kunni breytingunni sæmilega vel, en brátt skyggði í lofti fyrir honum.

Á góunni fór Þórður í kaupstað. Hann fór í sparifötin í þá ferð, og vandaði klæðaburð sinn, sem mest hann mátti. Var hann eigi vanur því að sparikleðast mjög í kaupstaðarferðum. Hann var og lengur í þeirri ferð, en venja ~~var til~~ hans var.

Þegar hann kom heim, sagði hann frá því, að nú hefði hann pantað girðingarefni í túngirðingu.

„Hverskonar girðing verður það?“ spyr Símon

„Gaddavír“ segir Þórður

„Gaddavír!“ tók Símon upp eftir honum —„gaddavír, gaddavír“ tautaði hann fyrir munni sér og rjátlaði burtu.

Skömmu seinna kemur Ingibjörg að máli við son sinn, og ~~spyr~~ tekur að spyrja hann um þessa fyrirhuguðu girðingu.

„Er þetta ekki afskaplega hættulegt fyrir skepnurnar, ef túnið verður girt með gaddavír“ segir Ingibjörg „hlaupa ekki hestarnir á þetta og skaðskemma sig? Eða hvernig fer með júgrin á kúnum? Ullina á fénu? Er þetta ekki einhver vitleysa Þórður minn?“ sagði Ingibjörg í bónarrómi. „Er ekki miklu betra að hlaða

gjótgarð í kringum túnið?"

„Gjótgarð!" tók Þórður upp. „Hvar á að taka grjótið og hve mörg ár heldurðu það taki, að hlaða gjótgarð? Hvernig heldurðu að eg hafi tíma til þess? Og hvað heldurðu að það kosti!"

Ingibjörgu var alls ekki lokið — Hér fanst henni hver fjarstæðan rekja aðra. Að grjótið kostaði peninga, steinarnir í fjallinu, — og Þórður hefði ekki tíma, hann, sem hafði alt lífið framundan. En hún var óvön stælum. Hún lét undan. Hún spurði rétt að því, hvar þessi ógurlega girðing ætti að vera.

„Eg hefi hugsað mér" segir Þórður, „að girða alla móana með túninu, sem eru neðan við Stekkjarhestshúsið og móana sunnan við túnið og Lambhúsamýrina".

„Svo girðingin verður þetta langt í burtu". Ingibjörgu varð sýnilega hugarhægra.

Girðingin kom upp um vorið. Þórður keypti sér tvo menn í vinnu. Símon kom þar ekki nálægt. Hann hélt sig heima við þá daga og var að taka til í töðunni. Einhverju sinni er hann hitti girðingamenn um miðmals-tíma, hafði hann orð á því, að það mundi eigi verða efnilegt að eiga skepnur í Leyningi úr þessu. Hann varð feginn því að geta lónað öllum sínum ferðum í haust.

Þórður vann eins og víkingur. Símon gekk til sláttar. Þórður sagði fyrir verkum. Símon lét sér það vel líka.

Sunnudagsmorguninn í 15 viku sumars voru hestar reknir heim til járninga. Var rekið heim nokkuð af stóði og það hundbeitt. Var talsverður galsi í hópnum, er hann kom heim undir túnið. Brúnskjóttur einn full-orðinn og fjörugur hafði rifið sig utan á leirinn á vírnum. Hann blóð úr, meðan rekið var heim túngötuna og sýndist

mikið er heim kom.

„Nana; þar kom að því" sagði Símon gamli, er hann sá sárið. Hann gekk síðan beina leið til baðstofu, lagðist uppí í rúm og tók sér guðsorðabók í hönd.

Þórður þvoði rispuna. Hann mælti ekki orð frá vörum.

Hestinum batnaði fljótt. Hann var þó eigi tekinn til brúkunar næstu vikur. Kýrnar rifu sig aldrei. Og svo leið sumarið.

Um haustið kom annar stór-viðburðurinn. Þórður hætti heyskap með fyrra móti. Um helgina fyrir göngurnar bjó hann sig að heiman með reiðingshest. Enginn spurði um ferðir hans. Hann átti með sig sjálfur

Hann kom heim um nóttina. Um morguninn var plógur á hlaðinu

Nú gat Símon ekki orða bundist lengur.

„Hvað ætlarðu að gera Þórður sæll" segir Símon og rennir augunum til verkfærisins á hlaðvarpanum.

„Eg hefi hugsað mér að plægja eina 3—4 dagsláttur í haust" segir Þórður.

„Hvaða dagsláttur?" spyr Símon.

„Eg ætla að það muni helst verða heima niður túnið" segir Þórður „það er best rækt í því"

„Plægja upp heima niður túnið!" segir Símon. „Plægja upp túnið! Og hvað kemur til?'

„Eg ætla að slétta það" segir Þórður

„Drottinn minn dýri! — En grasið?" segir Símon.

Þórður sá ekki betur en að nú ætlaði að fara að renna út í fyrir gamla manninum. Hann tók sig til og útskýrði fyrirætlanir sínar, sem best hann mátti.

Hann ætlaði að plægja í haust og herfa að vori, bera áskôpin öll í flagið og sjá um að alt greri upp að sumri.

Símon hlustaði, en sagði ekki orð, fyr en Þórður hafði lokið frásögn sinni

Þá segir hann rétt si-sona:

„Á maður þá að horfa yfir svart flagið, þangað til Guð gefur því gras aftur?"

„Grói það ekki upp á fyrsta ári," segir Þórður „þá sái eg í það grasfræ"

Þá misti gamli maðurinn höfuðið og rjátlaði út fyrir tún.

Allan tímann meðan verið var að plægja, lá Símon fyrir. Hann gat ekki um neinn krankleika og var heldur ekki spurður. Hann klæddi sig þó og settist framaná, en hann fór aldrei út fyr en í myrkri.

Þórður plægði hálfa fjórðu dagsláttu um haustið. Túnið var alls 12 dagsláttur En innan girðingar voru 25 dagsláttur

óræktaðar..

Árin liðu. Símon fann sitt hlutverk innan heimilisins. Skepnur átti hann engar nema jarpan klár einn, sem var álkaflega gætinn. Hann hýsti Jarp altaf þegar tók að dimma. Það var vegna gaddavírsgirðingarinnar. — Hann vildi ekki sjá sínar skepnur rifnar á hol.

Þórður skifti túninu í þrent. Plægði það alt upp á þrem árum. Enginn gat gert sér alla þá sálarangist í hugarlund sem Símon leið í þann tíma. Honum var það að vísu nokkur bót, er hann sá hve flögin greru fljótt upp. En meðan smáflög voru í sléttunum, var engu líkara, en honum fyndist túnið í sárum. Hann kveinkaði sér við að ganga á því, og neitaði því alveg að slá þar nokkurt högg. Hann var orðinn eitthvað svo flóttalegur og nærri því

mannfélim.

Þórði búnaðist vel í Freyningi. Hann hafði átt nóg í handraðanum fyrir ræktuninni og girðingunni. Móðir hans stjórnaði innanhúss eins og áður.

Það var að vori eitt sinn, að Ingibjörg kom að máli við Þórð, og spurði hann að því, hvort nú væri ekki nóg komið af þessu umróti. Túnið var nú orðið slétt og sæmilega gróið. Símon hafði verið með allra dauf-asta móti um tíma. Var eigi ólíklegt, að hann kviði fyrir því, sem næst tæki við. Honum gat svo sem dottið í hug, að Þórður tæki sig til að rífa ofan af þeim bæinn. Hver vissi hvað honum bjó í brjósti.

Þórður forðist undan því, að gefa móður sinni loforð nokkurt um kyrstöðu og tók hann tali hennar þó vel. Hann ætlaði nú að sjá hverju fram yndi. Hann mundi sennilega taka móana og mýrarnar innan girðingar fyrst fyrir, og gera það að túni. Hann þyrfti að þrefalda túnið á næstu árum. Annars mundi hann eigi taka upp á neinu nýju, nema því, sem beint leiddi af túnbótunum.

Nokkru fyrir slátt fór Þórður í kaupstað. Hann var nú farinn að fara með kerru alla leið, ef honum bauð svo við að horfa. Hann kom heim[2] með[1] á kerrunni, eitthvert alveg óskiljanlegt ferlíki í rimlakassa; járn-skrímsli sýndist Símoni það líkast.

Það var sláttu-vél

Vélin var sett saman. Hún stóð í varpanum. Það glampaði á hana í sólskininu.

Símon sagði ekki aukatekið orð. Ingibjörg spurði ekki. Einhver

ógn og voði var í loftinu í Leyningi, þá daga.

Laugardagsmorguninn í 10. vikunni fór Þórður á fætur fyrir allar aldir. Hann sótti plóghesta sína, fílefldu klára jarpan og rauðan. Ingibjörg kom fram í bæjardyrnar þegar Þórður kom heim með hestana. Hann skrapp inn og borðaði skattinn. Síðan beitti hann klárunum fyrir vélina, kallaði til Ingibjargar og bað hana að láta færa sér kaffið um hádegisbilið.

Hann ók niður á Lambhúsavöll og byrjaði sláttinn. Allt gekk greiðlega. Hestarnir og hann voru orðnir vanir vinnufélagar. Hann skáraði völlinn þveran og endilangan. Smellirnir skullu í vélinni, svo heyrðist um allt, langar leiðir til. Það glumdi í Leyningsbaðstofunni. Símon klæddist hljóðlega. Hann var sýnilega óstyrkur og eins og í leiðslu. Hann leit varla upp. Hreyfingarnar voru fálmandi. Í hvert sinn sem Þórður sneri vélinni á vellinum, svo hljóðið breyttist, stansaði Símon og hlustaði. Það var engu líkara, en að hann ætti von á jarðskjálfta og baðstofan hryndi ofan yfir hann við næsta kipp.

Er hann hafði klæðst, skaust hann út í skemmuna. Hann hallaði aftur á eftir sér. Þar var hann eitthvað að bauka fram eftir deginum.

Þegar Þórður kom heim með hestana um miðjan daginn og kom upp hlaðbrekkuna að vestanverðu, sá hann á eftir föður sínum austur túnið. Hann var með pokaskjatta á bakinu.

Þórður skildi hestana eftir í hlaðvarpanum. Er hann kom inn í dyrnar stóð móðir hans þar. Hún hallaði sér upp við dyraloftsstigann. Hún starblíndi á Þórð, er hann kom inn úr dyrunum.

„Hvert er pabbi ad fara?" spyr Þórdur.

„Hvad hefirdu verid ad gera, Þórdur minn?" spyr Ingibjörg. Hún er eins og hálfvegis úti á þekju.

„Ég var ad slá framhúsvöllinn" segir Þórdur.

„Og þarftu nú allt þetta til þess" segir gamla konan „þú spurdir eftir honum födur þínum. Hann er farinn. Honum fannst sér ordid ofaukid. Þú veist hve honum sárnadi allt þetta umrót. Medan þú plægdir og þad allt hafdi hann frid í sinninn. En þú gast getid því nærri ad hann þyldi ekki þetta skellinefjuverk, sem ætladi inn úr hlustunum á honum, þó hann breiddi upp fyrir höfud. – Þú veist hvad hann átti illt med ad sætta sig vid skakka ljáina og allt þetta nýja. – Ég veit svo sem ekki hvad úr þessu ætlar ad verda" sagdi Ingibjörg med grát-stafinn í kverkunum.

. . . ——— . . .

# Tveir kyndarar

—

Vid kyntumst eitt sinn, ég og hún
þar úti vid hafid bláa....
Þær sögur byrja ávalt eins,
en enda á margan hátt.

Hún minti vel á vidarköst. —
Í vorsins kuldatíd
ég kveikti eld ad orna mér
og undi vel um hríd

Og blés ad kolum, kynti af mód,
þad kom upp logi stór.
Ég hló og söng, en hugdi' ei ad,
uns himinn dökkna fór

Í eldinn rigndi, og ég á burt,
því allt vard fullt af reyk.

En vinur minn að kesti kom
og kveikti á nýjan leik.

Hann skarar í og blæs og blæs
svo að blossar rjúka hátt. —
. . . . . Þer söngur byrja ávalt eins
en enda á margan hátt.

— X.X.

---

# Sitt af hverju

Tíu dagar liðu frá því að fyrsta tölublað „Viljans" var sent á stað, og þar til að það kom aftur að Höskuldsstöðum. Á þessu tímabili kom blaðið aðeins á 3 bæi: Djúpadal, Þrítsadal og Stóru-Akra. Þeir hafa því þurft 10 daga til þess að lesa það og koma því áleiðis, milli sín. — Hvað skyldi blaðið hafa þurft langan tíma til að komast alla leið?

Í síðasta blaði „Viljans" var það tekið fram, hverjir ættu að sjá um útkomu á þessu (öðru) tölublaði „Viljans". Það var sr. Tráins og heimilisfólk hans. Vitanlega var við mestri framlagi hægt að búast frá sr. Tráinsi. En þrátt fyrir margítrekuð boð til hans og eftirgrenslanir, hvort hann hefði ekki eitthvað til að láta í blaðið, þá hefir sú reyndin orðið, að ekkert hefir frá honum komið í blaðið, og hefir hann því á engan hátt styrkt útkomu blaðs þessa. Meðal annars af þeirri ástæðu, að við var að draga sig eftir efni frá honum í blaðið, þá kemur þetta tölubl. miklu seinna út, en til var ætlast, og verður því samferða þriðja tölublaðinu.

Slæmt þegar menn bregða gefnum loforðum sínum um stuðning við útkomu blaðsins. Mér finst að sr. Tráins hafi góð skilyrði til þess, að styrkja það, ef hann bara vill.
En svo bregðast krosstré sem önnur.

**Tapað.** Nú fyrir skömmu sídan tapadi eg á leidinni ofan frá Vöglum og út að Höskuldsstödum, blödum nokkrum, innfestum, í bókarformi. Á blödum þessum voru ýmsir reikningar, yfir fjallskil, sóknargjöld og ýms önnur viðskifti. Blödum þessum þótti mér slæmt að tapa, því að á þeim voru nokkrir reikningar, sem ~~mundu~~ eg hef ekki annarsstadar (eda að minsta kosti eykur mér það mikla fyrir-höfn að semja þá að nýju) — Ef einhver kynni að finna blöð þessi, bið eg hann að skila mér þeim, og væri eg fús til, að greiða honum þóknun fyrir, ef finnandi fer fram á það.

Stefán Jónsson.

---

# Viljinn

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn.

| | | |
|---|---|---|
| | Janúar 1928 | 3. blað |

†

## Frímann Magnússon

Enn er hringt til hinstu stundar
harmaskúrir vökva brá.
Alt af fækkar fornum vinum
— fækkar þeim, sem hjartað á.
Svona fór það, fyrri varstu
ferð að hefja vinur minn!
Eftir aðeins stutta stundu
stefnt mér verður í himininn

Far nú vel til fegri heima,
friður guðs sé yfir þér!

Blíður hugur bræðra þinna
ber nú margt í faðmi sér:
góða minning, gleði sanna
guði vígða hreina sál,
hjarta gott og hugró stærsta,
heimulegast trúarmál.

Oft er hljótt um hniginn bróður
hér sem hverfur sjónum manns
vanti bæði völd og gróða
verður lítil sagan hans.
Þú ert einn í þeirra tölu —
þín hér voru oft erfið kjör.
Lífið jarðar drottinn dæmir.
Dýrðleg mun þín sigurför.

Hér á jörð er mikið metið
minst sem gildi veitir sál:
aurasafn og andans hroki
er það mesta jarðar tál.

Vanti samúð, vanti hjarta,
vanti jafna mannvirðing,
þá mun erfitt guði að gjalda
greiðslu tækan skattpening.

Öðrum mörgum æðri varstu,
auðlegð þín var kærleikinn.
Lífsgleðinnar hnossið hreina
heiðan gerði daginn þinn.
Örlát mund þín aðra gladdi,
oft af litlu tekið var!
Miskunn sýnd þeim minsta bróður
— mintist drottins orða þar.

Far nú vel til fegri heima,
faðmi drottinn anda þinn!
Drottinn sé þér alt í öllu,
elskulegi vinur minn!
Sólarfaðir signi þína
sanna vini, nær og fjær,

breiði á þá blessun sína —
blíð þeim er þín minning kær.

Baldvin B. Bárðdal.

---

# Ávarp.

Eins og kunnugt er hefir sú hugmynd komið fram, að reisa minningar-kirkju í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd á legstað Hallgríms Péturssonar, í heiðurs og virðingarskyni við þetta mikla trúarskáld vor Íslendinga.

Hugmynd þessari var vel tekið, og söfnuðust þegar í nokkrum sýslum nokkur þúsund krónur, sem með vaxandi viðbót og vöxtum, er nú um 13 þúsund krónur. Einnig hefir Saurbæjarsöfnuður skuldbundið sig til, er til framkvæmda kemur, að leggja 5 þúsund krónur til þessarar kirkjubyggingar.

Við undirritaðir höfum nú gengið í nefnd, til þess, ef verða mætti, að hrinda þessari fögru hugmynd í framkvæmd og heitum nú á alla Íslendinga, að leggja dálítinn skerf meiri eða minni, til þessa fyrirtækis. Mest er um vert að þáttakan verði almenn því að „kornið fyllir mælirinn“

Vér teljum æskilegt, að þeir sem eitthvað vilja leggja af mörkum, sendi gjafir sínar til gjaldkera nefndarinnar frk. Halldóru Bjarnadóttur Háteigi Reykjavík, eða einhvers nefndarmanna, fyrir árslok 1928.

Mun þá kirkjubyggingin þegar hafin, ef nauðsynleg viðbót fæst, en hún telst oss muni vera 12-15 þúsund krónur

Reykjavík í okt. 1927

Virðingarfyllst

Einar Thorlacius (formaður)

Björn Þórðarson, Friðrik Friðriksson
Guðmundur Finnbogason, Haraldur Níelsson
Halldóra Bjarnadóttir (gjaldkeri)
Mathías Þórðarson. Sigurbjörn Á. Gíslason
Sigurður Nordal. Þorsteinn Gíslason.

—

## Hallgríms-kirkja.

Eins og sjá má af framanrituðu ávarpi, virðist vera ánægjulegt og gleðilegt, að geta tekið þátt í byggingu þessarar veglegu kirkju. Hver sannkristinn Íslendingur hlýtur að finna köllun hjá sér til að heiðra hið elskulega, ógleymanlega trúarskáld og áreiðanlega blessast hverjum þeim, sem tekur þátt í þessu, betur eftir sín framvegis, gefi hann nokkra aura, með góðum hug.

Þar sem mér hefir verið falið, af einum framanrituðum nefndar manni, að beita mér hér fyrir málefnið, og safna, ef unt væri, dálitlu fé í þessa guðskistu, þá leyfi eg mér að ávarpa heiðraða sveitunga mína, og mælast til, að þeir sýni í verkinu, með afurlitlu fjárframlagi, að þeir vilji heiðra minningu guðsmannsins kæra, á þennan hátt, og verða með öðrum landsmönnum í þátttökunni.

Meiningin er, að gefa lítið, svo það verði ekki tilfinnanlegt neinum, en að margir taki þátt í því. Gefa 10–25 – 50 aura, 1 krónu, eða meira eftir efnum og ástæðum.

Vil eg nú snúa mér að ykkur, virðulegu húsbændur góðir, og biðja ykkur að safna hver á sínu heimili, og koma svo söfnuninni til mín. Mun eg innfæra hana skilmerkilega, samkvæmt því, sem hver vill hafa á sínu heimili,

— og síðan senda peningana til greindrar nefndar, gegn viðurkenningu.

Í trausti og með virðingu

Baldvin B. Bárðdal.

—

Í tilefni af framanrituðu málaleitun B. B. Bárðdals um fjársöfnun til Hallgrímskirkju vil og láta í ljósi álit mitt, sem er það, að mér finst sjálfsagt, að menn ættu að bregðast vel við og gefa eitthvað til þessa fyrirtækis. Menn þurfa ekki að gefa í stórum stíl, eins og tekið er fram hér fyr. Aðeins að þátttakan sé almenn. Safnast þegar saman kemur, og máltækið segir að „margt smátt gjörir eitt stórt“

Hallgrímur Pétursson á það fyllilega skilið að minningu hans sé haldið á lofti, og það er einmitt prýðilega vel til fallið, að alþjóð Íslands, reisi honum veglegan minnisvarða á þennan hátt — með kirkjubyggingu í Saurbæ.

Ef til vill eigum við honum manna mest það að þakka, að íslenska þjóðin stóðst hörmungar þær, sem að steðjuðu á ýmsan hátt, á niðurlægingar tímabili hennar. Og hann hefir gefið bókmentum okkar þann gimstein, sem á fáa, eða jafnvel engan sinn líka, um víða veröld.

S. J.

— / / —

# Jarps-minning

(Kveðið undir nafni eiganda hans, Þorkels í Litladal)

—

Þyngist enn um okkar hag
auti er sinn við skallinn.
Niður á hauður nár í dag
nú er Jarpur fallinn

Hag er hvíldin þeim sem vann
þráfalt öðrum betur.

Þrifs um traðir tölti hann
tuttugu og fjóra vetur.

Höfuðið fríða hátt hann bar,
hrundi fax um bóga.
Kraftalegur vöxtur var;
vænni en flestra jóa

Aldrei brekkum vanur var
vari rétt fram tekið.
Til reiðar, aksturs, áburðar,
aldrei skorti þrekið.

Þó fimar beru fæturna(r)
fákar vanir eldi.
Á eftir þeim hann aldrei var
í áfanganum að kveldi.

Straums úr iðu upp til lands
einatt fékk mér skilað

Kraftarnir og hyggnin hans
höfðu aldrei bilað.

Þú varst ekki að ergja mig
en áfram töltir veginn
þó eg sífelt setti á þig
sekkum hvoru megin.

— " — " — " — " — "

Yfir mó og auðan sand
enginn dró af honum.
Þrekk var nóg í gjarða-band
gneistaði úr hóf-förunum

Er á fjöllum skaraði skóf
og skulfu trölla setur,
rótaðist mjöll í renni kóf
rataði 'ann öllum betur

Er breiddi myrkan mjallar-traf
um mó, en skugga á pallinn;

laus við upp þér góða og gaf
græna tuggu á stallinn.

Á ferða þófi er þyngdi lofti
og þrengdi að snjóa þinum
deigið grófa ötull afti
át úr lófa mínum.

Ekki er kyn þó klárinn geð
er kveð eg vininn góða.
En þrautir lina mun eg með
mærar skinni ljóða.

Þó skilji vegi vora um stund
og vaxi tregans leiði;
hinummegin hels við sund
hann eg teygi á skeiði

×

---

# Hrepps-skiftingin

—

Snemma í vetur var vakið máls á því, af ýmsum mönnum í framhluta Akrahrepps, að fara fram á það, að hreppnum yrði skift í sundur við Hellná. Eru Dalamenn taldir vera frumkvöðlar og forgöngumenn þessa máls, (þó ekki sé það á yfirborðinu). Framparts-menn hófust svo handa í máli þessu og var farið milli manna með skjal, til að fá undirskriftir þeirra, sem máli þessu fylgdu. Reyndist svo, að sögn, að meiri hluti bænda þar fremra væri fylgjandi skiftingu. Héldu svo þessir skiftingar-menn fund með sér í Flatatungu 10. þ.m. Af þeim fundi hefi eg ekki hafi ábyggilegar fréttir aðrar en þær, að fundurinn kaus þriggja manna nefnd, til að hafa forgöngu þessa máls, og hrinda því í framkvæmd. (Í nefndina

voru kosnir Jóhannes Steingrímsson Silfrastöðum, sem þó er talinn andvígur skiftingunni, Jóhann á Úlfsstöðum og Bjarni á Uppsölum.) Nefnd þessi hefir farið fram á það við oddvita G.B. að hann boðaði til fundar í útparti hreppsins (utan Héraðsvatna) til þess að ýtrikhlutum ráði þar mál þetta og talli ákvörðun fyrir sitt leyti. Hefir oddviti ákveðið fundinn að Ökrum þann 28. þ. m.

Fyrir nokkrum árum var þessu hrepps-skiftingarmáli hreyft lítillega hér í blaðinu. Skiftadi og þá all-langa grein um það mál, sem ákveðinn andstæðingur skiftingarinnar. Er og sömu skoðunar enn, og því fleiri annmarka finst mér og sjá við skiftinguna, sem og hugsa lengur um mál þetta. Annars var það ekki tilgangur minn með línum þessum, í þetta skifti, að færa frekari ástæður móti skiftingunni, en og gerði í áðurnefndri grein minni, þó margar séu til. En og vil aðeins láta þess getið, þeim mönnum til athugunar, sem hugsa sér að sækja fundinn þann 28. þ.m að Ökrum, að hér er um það mál að ráða sem er ekkert leikfang, eða smá mál, fyrir hreppsbúa. Menn verða að athuga það, að með því að greiða atkvæði með skiftingunni, eru þeir að hjálpa til að ráða máli til lykta, sem ekki verður kippt í lag aftur, þó ef skiftingin reyndist að ein-hverju leyti illa síðarmeir, og menn yrðu óánægðir með hana.

Fáorum samkvæmt, er það hreppsnefnd hvers hrepps, sem ræður því og ákveður, hvort skifta skuli hreppi eða eigi. Er því úrslit skiftingarinnar aðallega í valdi hreppsnefndar-innar hér, að mér skilst. Fundarsamþykt-ir og atkvæðagreiðsla hafa því ekki úrskurðar-vald í máli þessu. En vitanlega er það mikilsvert fyrir hreppsnefndina hér, að vita um vilja hreppsbúa og skoðun þeirra á skifting-unni, og vilja þeirra getur nefndin ekki vitað

með vissu, nema með umsögn hreppsbúa um málið á fundi og almennri atkvæðagreiðslu, svo að í ljós kæmi, hvað margir væru með eða móti. Eftir því mundi svo hreppsnefndin sennilega að einhverju leyti, haga atkvæðum sínum um málið.

Stefán Jónsson.

---

# Á uppboði.

Af öllum þeim skemtunum sem eg hefi sótt um æfina þykir mér uppboðin indælust. Eg tek þau fram yfir hvert einasta lestrarfélags eða ungmennafélags-„ball“ og hefi eg þó sótt þau mörg. Þarna er maður boðinn og velkominn eins og við hverja meiri háttar jarðarför og ekki er verið að selja aðgang að þeim, blessuðum uppboðunum eins og á „böllunum“, eða látið fylgja kaffi, svo hægt sé að skrifa

hann upp undir tíær krónur. Nei, ónei. Enginn borgar svo mikið sem 5 aura, og kaffi er „gratis“ a.m.k. einu sinni fyrir alla uppboðsgesti, að eg nú ekki nefni uppboðshaldarann, þann öfundsverða mann, sem liggur í mat, kaffi og brennivíni allan daginn. Á einu uppboði hefi eg verið, þar sem brennivínsstaup fylgdi hverju meiri háttar númeri, sem slegið var, en slíkt mundi þykja svo ljótlegt nú á dögum — þegar aldrei sést óðruvísi brennivín, en útþynntur dropi frá „apotekinu“ — að eg fer ekki að lýsa því frekar.

Gamalt máltæki segir: „Dauðinn gerir alla jafna“. Um það skal eg ekki ert fullyrða, enda skilst mér á skrifum þeirra, sem mest rýna „út yfir gröf og dauða“, að þeim beri ýmislegt á milli um það atriði. En hitt veit eg, að uppboðin gera það. Þar geta allir boðið

og allir keypt, þó þeim séu allir bankar
og búðir lokaðar. Þar hefi eg séð eigna-
lausa stráka, sem enginn lifandi maður,
óvitlaus, hefði þorað að trúa fyrir svo miklu
sem hálfu tóbaksnefi, steyta sig framan
í heiðvirða ríkismenn, og bjóða fimm, og
fimm, þar til þeim efnuðu hefir ofboðið
vitleysan og hætt, en strákurinn haldið
númerinu, og auðvitað sinni eigin heimsku.
Hvergi hefi eg séð menn vera eins djarf-
huga og gunnreifa, eins og á uppboðum.
Þar eru allir „frjálsir menn í frjálsu landi".
Þó að tvímælt leiki á því á öðrum sam-
kundum. Þar bjóða menn og bjóða, al-
veg eins og þeir væru handvissir um, að
dómsdagur yrði löngu liðinn á undan
gjalddaga þeim, sem söluskilmálar á-
kveða. Gamlir afturhaldsfantar, sem
aldrei tíma að sjá af eyrisvirði, komast
líka á loft, — og bjóða — og hreppa þar

skjaldaskrifli og baugabrot, sem þeim hefði
aldrei dottið í hug að líta við, nema á
uppboði. Það er orðið að máltæki hér, „að
ekki sé svo lélegur hlutur til, að hann
gangi ekki út á uppboði" og það mál-
tækisorð hefir unnið sigur, enda mun það
sannast, að ef hluturinn er ekki aldeilis
„rampúneraður", fari hann upp undir sitt
upphaflega verð. En svo er máske lítil
þörf fyrir hann, eða ekkert hægt með
hann að gera þegar heim kemur. Á
einu uppboði hefi eg verið í sveit, þar
sem seld voru 30-40 númer af blek-
byttum. Strákasni einn, sem var bú-
inn að kaupa ein 8 númer, fann upp
á því, að gusa úr einni byttunni
á gráan hest, sem þar stóð, líklega
til að egna eiganda hans. En ekkert
sá á klárnum. Hann var jafn hvítur
eftir. Þegar strákur sá, að ekki

„lossaði" á hann, lét hann róa úr öllum byttunum yfir skepnuna, en árangurinn varð hinn sami. Gráni var jafn grár eins og Guð hafði skapað hann, fyrir þessu. Ekki sá eg annað en byttunnar seldust með sama verði eftir þetta og gat þó hver séð, að blekið var ónýtt. En það er stundum að menn „trúa ekki sínum eigin augum" víðar en á uppboðum.

Á öðru uppboði var seld kista, dýru verði, eins og þar á að vera. Um kveldið gerði veður hvast og byljótt og kl. tíma áður en uppboðinu var slitið tókst hún í háa loft, og kom niður langt niður á túni og fór þar í kurl.

Á þriðja uppboðinu man eg eftir því, að bóndi einn stóð fyrir utan skemmudyr og bauð og bauð í ketilgarm. Hann sagði „að konuna langaði til að eignast hann". En inni í skemmunni stóð hans ektakvinna og bauð í ketilinn á móti bónda sínum, og sagði þeim, sem þar voru nærstaddir „að bóndinn hefði nú eiginlega lofað, að gefa sér þennan ketil, en hún þyrði samt ekki að sleppa honum". Ómögulegt er að segja hversu lengi þau hefðu teygt tímann öllum til ánægju, er viðstaddir voru, hefði ekki einn alvörumaður, sem til allrar óhamingju var þarna staddur, bent þeim á þann einfalda sannleika, að mjög mikil líkindi væru á því, að ef annaðhvort hætti að bjóða, þá mundi hitt hreppa ketilgarminn. En svona skemtileg æfintýri lifir enginn nema á uppboðum.

Hvergi getur maður gert óvini sínum lífið jafn „súrt" eins og þ einmitt þar. Eg hefi þekt mann sem fór á 4 uppboð í rennu, aðeins til að hefna sín á öðrum, af því að hann vildi ekki gera bón hans. Á fyrsta uppboðinu sagðist

hann hafa komið lítils til leiðar og fyrst
lengi vel framan af ~~komið lítils til leiðar~~ skaðast sjálfur,
því þá tókst honum ekki, að hleypa hin-
um verulega upp. En svo kom rauð-
máluð skyrkolla undir hamarinn, sem
honum lánaðist að hækka fyrir óvin sin-
um, uns hún fór í tvöföldu verði, við það
sem hún hefði kostað ný. Svo kom
reiðingsreifill, sem ekkert var hirðandi
af, nema klifberinn. Hann lenti á þeim
sama fyrir 11 krónur, en þá fengust
nýir klifberar hjá Skúla á Mallandi
fyrir 5 krónur. Svona hélt hann áfram
uppboðið út, að hann lét fjandmann sinn
sitja með ruslið, hálfu dýrara en það
hefði fengist nýtt. Þannig hélt hann
áfram á hinum uppboðunum, nema
hvað þar var alt stórfeldara, því þá
kepptu þeir um kýr og hross. Alls áleit
hann að hinn hefði beðið 200 króna

skaða, af þessu spani. Og á þennan auðvelda
hátt gat hann hefnt sín grimmilega, sem hon-
um hefði verið gersamlega fyrirmunað með
nokkrum málaferlum. Og þó áleit hann
að hefnd sín hefði verið enn þá stórfeldari
en þetta, því hinn var með afbrigðum aura-
sár, og var afarlengi að ná sér eftir þetta
og fór ekki á uppboð árum saman, ef hann
hélt, að hinn væri þar fyrir.

Eg ímynda mér, að mörgum
hafi „hlegið hugur í brjósti" þegar auglýst
var uppboð við Vatnabrúna. Þar voru
þó fáein númer. „Skyldi þetta annars verða
nokkuð gaman" hugsaði eg. „Ætli þeir slái
sér ekki saman og kaupi í félagi, svo eigin-
lega komist enginn maður í þetta dásam-
lega „aktionshumör". Uppboðið hlýtur
að verða vel sótt, svo þangað hljóta að
koma vitmenn a.m.k. „i bland". En
fór heldur seint á stað, eða ekki fyr

en eg var búinn að borða vel til dagsins. Þegar eg ~~fr~~ kom á uppboðsstaðinn, var fátt af mönnum komið, og það fyrsta sem eg sá var Gísli á Vöglum á fleygiferð með fullt fangið af spítnarusli. Hann hljóp út úr mannþrönginni og var engu líkara en hann hefði krækt sér í þetta, á miður heiðarlegan hátt og vildi forða því undan, og hefði eg þó talið flesta líklegri til viðurhnupplunar en vin minn Gísla. Er hann hefir losað sig við þetta, sé eg Gunnar í Brekkukoti koma með aðra byrði, og fer hann eins að sem Gísli. Þá sé eg hvar sr. Þráinn kemur líka og er í samskonar vinnu, nema hann hafði einna minst í fanginu, sem mér fanst ekki óeðlilegt, því hann er þeirra ósterkastur. Mér datt í hug að sýslumaður hefði fengið þá til að leggja í rúmið, og fanst hann ekki hafa tekið menn af verri endanum í sína þjónustu. Gengu þeir upp og niður af móði, sem von var. En er eg kom nær sannfærðist eg fljótt á því, að þeir voru í vinnu hjá sjálfum sér, því þetta rusl höfðu þeir keypt, og var það sjáanlega ekki til annars, en að fara í eldinn og varla það, því sumt af því var hundrennandi. Með þessum og þvílíkum aðförum hófst uppboðið og sá eg fljótt, að það mundi hafa hin venjulegu uppboðseinkenni, nefnil. að hver sprengdi ógilega upp fyrir öðrum, með magnaðri fúlmensku, eins og til er ætlast.

Nú tók að drífa að fjölda manna. Var einkennilega gaman að sjá, að altaf er þeir nálguðust uppboðsstaðinn, tóku þeir (að herða á merunum, sem ríðandi voru, en hinir sem gangandi voru greiddu rásina og var oft (að þessir gestir skutu boði í, um leið og þeir nálguðust. Var ekki þægilegt fyrir uppboðshaldarann að átta sig á boðunum, er eitt kom ofan af bökkum, annað utan úr

„Spordum" og þriðja handan af því. Var engu líkara en Mr. Gook hefði sett upp hátalara á þessum stöðum, og léti þá stöðugt endurtaka, fimm! fimm!, en þó heyrði eg aldrei neinn kvarta yfir, að sinn boði hefði ekki verið ~~sinnt~~. Mér datt í hug hvort, hreppsnefnd Akrahrepps~~manna~~ mundi nú ekki sjá sóma sinn og kaupa sprek í svo sem 4–5 hundaþreinsunar kofa, því svo oft er Sveini gamli búinn að nauða um það, bæði „privat" og á mannfundum, en ekki keyptu þeir, svo mikið sem ö[ð]rumegin á hund, til þeirra hluta, svo auðséð var, að þeir voru búnir að gleyma áminningum Sveins, enda er hann nú í „Kominn í hundana". — En er kom fram á daginn, var farið að bjóða upp tóma sementspoka. Og var að hugsa um að kaupa 2, annan til að gefa Kúnni úr, en hvítorum úr hinum. Þama voru boðin upp afarmörg númer og 10 pokar í hverju

en þó skömm sé frá að segja, þá náði eg ekki í eitt einasta, og hefi eg þó þóst einna vitlausastur, eða m.ö.o. djarfastur af öllum Blöndhlíðingum á uppboðum

Það var engu líkara, en að sem hrepti þá flesta (því sami maður keypti nærri því 2 hundruð poka), ætlaði að selja upp heildsölu á pokum, eða þá að sýslumaður hefði ætlað honum að „forpokast" gersamlega, sem mér þykir þó harla vafasamt. — Koðurstöllum frá vígslunni sögðu þeir, að farið hefði í tvöfalda verði og déskotans kamarinn, allur útskitinn, — og sem var álitið, að enginn mundi vilja seljast á — með okurverði. Ekki var vín um hönd haft á þessum stað, en þó var nóguur hiti í mönnum, það var þessi blessaða uppboðsólvan, sem hvergi má vanta, þar sem uppboðshamar er reiddur, að vaksnum tjáima, eins og þar átti sér stað. Hún helst, uns

svifferjan kom undir hamarinn, þá dalt
botninn úr öllum nema Sigurði á Egg.
Því sjálf fór ferjan fyrir ekki neitt, því
verðið sem kom í hana, var tæpl. fyrir strengjun-
um, sem fylgdu henni og með því dalt botninn
úr uppboðinu.

Ekki fóru menn strax heim og var þó dagur
fyrir löngu að kveldi kominn og menn að lík-
indum orðnir banhungraðir. Nei; nú fóru menn að
koma viðurdraslinu fyrir og helzt burt — af víg-
vellinum — hver frá öðrum, því nú var hugurinn
hjá, að hnupla spreki frá náunganum í myrkrinu.
Þeir sem þarna virtust einna þjófhræddastir voru
Seiltreppingar, því þeir flestir keyrðu sitt burt, upp
í Hólm um daginn og kveldið. Einstakka Akrakr.-maður
flutti sitt austur yfir brúna og mun hið sama hafa
vakað fyrir báðum, að ef því yrði þó samt sem áður
stolið, að láta þá sína sveitunga njóta þess,
frekar en aðra.

[Framh. í næsta blaði]